

AMTSBÓKASAFNIÐ
Á AKUREYRI

Akureyrarbær

STEFNA AMTSBÓKASAFNSINS Á AKUREYRI

2023-2025

Amtsbókasafnið er almenningsbókasafn í eigu íbúa Akureyrarbæjar og er rekið fyrir opinbert fé.

Amtsbókasafnið er hlýlegur og vinalegur staður þar sem öll eru velkomin á eigin forsendum.

Á Amtsbókasafninu starfar fólk með breiða þekkingu sem sinnir starfi sínu af alúð og fagmennsku með fordómaleysi að leiðarljósi.

Safnkosturinn er fjölbreyttur og lifandi og tekur mark af síbreytilegum þörfum gesta.

GILDIN OKKAR

SJÁLFBÆRNI

SAMVINNA

SKÖPUN

FJÖLBREYTNI

HLÝJA

TRAUST

1

Sjálfbærni:

Við leggjum áherslu á hringrásarhugsun
og eflingu sjálfbærni.

2

Samvinna:

Við kappkostum að vera í góðri samvinnu við samfélagið
og tökum fagnandi öllum þeim sem vilja vinna með okkur.

3

Sköpun:

Við virkjum sköpunarkraft íbúanna með aðgengi
að fjölbreyttu safnefni, aðstöðu og þjónustu

4

Fjölbreytni:

Við berum virðingu fyrir hvert öðru og erum
vettvangur fyrir heilbrigð skoðanaskipti.

5

Hlýja:

Við leitumst við að skapa hlýlegt og
notalegt umhverfi fyrir alla okkar gesti.

6

Traust:

Við byggjum á traustum grunni og leggjum
metnað okkar í að veita réttar upplýsingar.

AÐGERÐAÁÆTLUN

SJÁLFBÆRNI

Við ætlum að:

Minnka sóun og endurnýta það sem við getum í rekstri safnsins.

Efla hringrásarhagkerfið með auknu úrvali af óhefðbundnu safnefni til útláns.

Ýta undir þekkingu á sjálfbærni, með fræðslu, viðburðum og safnefni.

Auka samstarf við sérfræðinga á sviði sjálfbærni.

SAMVINNA

Við ætlum að:

Vera hluti af menningaruppeldi barna og ungmenna með því að bjóða upp á skipulagðar heimsóknir.

Leita álits íbúa á því hvernig við getum komið sem best til móts við þarfir þeirra.

Bjóða upp á aðstöðu fyrir félagasamtök, hópa og einstaklinga.

Efla samvinnu við stofnanir og fyrirtæki í bænum.

FJÖLBREYTNI

Við ætlum að:

Hafa fjölbreyttan safnkost, bæði hvað varðar innihald og form.

Skapa aðstæður fyrir innflytjendur til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Vera fjölbreyttur og metnaðarfullur hópur starfsmanna með breiða þekkingu.

Bera virðingu fyrir hvert öðru og vera hlutlaus vettvangur fyrir heilbrigð skoðanaskipti.

SKÖPUN

Við ætlum að:

Bjóða upp á viðburði sem efla sköpunarkraft barna og fullorðinna.

Vera vettvangur fyrir sköpun.

Auka við safnkost sem hvetur til sköpunar.

HLÝJA

Við ætlum að:

Leggja okkur fram við að mæta þörfum hvers og eins með umhyggju og fordómaleysi að leiðarljósi.

Skapa vinalegt andrúmsloft og taka á móti gestum með brosi á vör.

Bjóða fólk velkomið í hlýlegt og notalegt umhverfi.

TRAUST

Við ætlum að:

Tryggja að starfsfólk hafi góða þekkingu á sínu starfssviði.

Hafa vel uppfærðan og yfirgripsmikinn safnkost.

Gæta viðkvæmra gagna og upplýsinga.

Sýna trúnað og traust og gæta þagmælsku.

Stefnan er unnin í samstarfi við DOKK1

með styrk frá bókasafnssjóði.

Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið